

Molta ehf  
Þveráreyrum 1a  
601 Akureyri

Reykjavík, 13. september 2019  
UST201901-231/S.M.  
08.14.02

**Reglubundið eftirlit með starfsleyfi Moltu ehf.**

Þann 28. maí sl. fór fram eftirlit í jarðgerðarstöð Moltu ehf í Eyjafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en tvær ábendingar voru gerðar.

Virðingarfyllst

  
Sigríður Magnúsdóttir

  
Halla Einarsdóttir

**Afrít:** Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Molta ehf. Eyjafjarðarsveit



|                     |                   |                         |                         |
|---------------------|-------------------|-------------------------|-------------------------|
| Dags eftirlits      | 28.5.2019         | Ábyrgðarmaður eftirlits | Sigríður Magnúsdóttir   |
| Fyrirtæki           | Molta ehf.        | Eftirlitsmaður          | Halla Einarsdóttir      |
| Heimili             | þveráreyrum 1a    | Tegund eftirlits        | Reglubundið             |
| Kennitala           | 600407-0580       | Flokkur                 | Úrgangur og efnamóttaka |
| Fulltrúi fyrirtækis | Kristján Ólafsson | ÍSAT nr.                |                         |
| Fulltrúi fyrirtækis |                   | Staðsetning             |                         |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlitið en tvær ábendingar eru gerðar varðandi gildistíma starfsleyfis og viðbrögð vegna mengunarhappa. Fimm frávikum sem komu fram við eftirlit 2018 er varða mælingar í fráveitu, aðbúnað og frágang olíugeyma, áhættumat, tryggingar og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda sem og teikningar af frárennslislögnum hefur verið lokað þar sem úrbætur hafa verið gerðar í samræmi við úrbótaáætlun rekstraraðila.

## UMFANG EFTIRLITS

- Umfang starfseminnar
- Síðasta eftirlitsskýrsla
- Staða úrbótaáætlunar
- Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Skoðunarferð um svæðið

Farið var í eftirlit í jarðgerðarstöð Moltu ehf. í Eyjafjarðarsveit þann 28. maí s.l. Eftirlitið hófst á fundi á skrifstofu Moltu og lauk með skoðunarferð um svæðið.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra gaf út núverandi starfsleyfi Moltu, en í kjölfar lagabreytinga árið 2017 á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fluttist eftirlitið yfir til Umhverfisstofnunar. Núverandi starfsleyfi Moltu gildir til 6. júlí 2021 og er rekstraraðila bent á að senda tímanlega inn umsókn um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar.

Árið 2018 var tekið á móti rétt rúnum 7.151 tonnum af úrgangi, þar er um að ræða lífrænt efni og stoðefni til jarðgerðar.

Farið var yfir síðustu eftirlitsskýrslu, frávik og úrbótaáætlun. Við eftirlit 2018 komu fram fimm frávik frá kröfum laga og reglugerða er varða mælingar í fráveitu, aðbúnað og frágang við olíugeymi, áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar, tryggingar vegna bráðamengunar hafs og stranda og upplýsingar um legu frárennslislagna. Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun vegna frávikanna.

Mælingar voru gerðar í fráveitu í janúar 2019 og niðurstöður afhentar í eftirliti nú. Mælt var í brunni úr verksmiðjuhúsi, í skurði við löðamörk og í brunni við affall af plani. Við eftirlit nú var staðfest að steyppt plan væri undir olíugeymi og árekstravörnum hefði verið komið fyrir. Rekstraraðili lagði fram teikningar af frárennsli.

Rekstraraðili lagði fram áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar hafs og stranda. Í eftirið kom fram að það væri mat rekstraraðila að vegna fjarlægðar frá sjó félí fyrirtækið ekki undir lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Fallist er á það sjónarmið og fráviku því lokað. Rekstraraðila er hinsvegar bent á að skoða hjá sér verkferla vegna mögulegra mengunarhappa með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunarhappa.

Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða var kynnt í eftirlitinu, en samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 ber Umhverfisstofnun að byggja tíðni eftirlitsferða á kerfisbundnu áhættumati á umhverfishættu viðkomandi starfsemi.

Í eftirlitinu var einnig rætt um lyktarkvartanir sem borist hafa fyrirtækinu. Árið 2018 bárust fjórar lyktarkvartanir til fyrirtækisins. Rekstraraðili hefur unnið að því að draga úr lyktarmengun t.d. með breyttu verklagi, minni mágum sem er snúið oftar, þá er veðurstöð á staðnum og tillit tekið til vindáttar þegar mágum er snúið.

Fulltrúi rekstraraðila leiddi eftirlitsmenn í skoðunarferð um starfstöðina og kynnti ferlið við gerð moltunnar. Húsnaði og vinnslusvæði utandyra eru skipulögð og snyrtileg. Sunnan við húsið eru geymd ýmis tæki sem tilheyra starfseminni, þar er einnig olíugeymir sem nú er kominn á steyppt undirlag.

## ÁBENDINGAR

1. Núverandi starfsleyfi Moltu gildir til 6. júlí 2021 og er rekstraraðila bent á að senda tímanlega inn umsókn um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar.
2. Rekstraraðila er bent á að skoða verkferla vegna mögulegra mengunaróhappa með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugeröum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í págu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

13.09.2019



Sigríður Magnúsdóttir